

Um styrkþega Afreks- og hvatningarsjóðs stúdenta Háskóla Íslands 2026

Andrea Erla Guðmarsdóttir brautskráðist frá Verzlunarskóla Íslands í vor og hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í stærðfræði og eðlisfræði. Hún hefur síðustu tvö ár verið í landsliðinu í eðlisfræði og tók þátt í alþjóðlegu Ólympíuleikunum í greininni í Kólumbíu í sumar. Andrea hefur stundað nám í klassískum gítarleik frá fjögurra ára aldri og hyggst ljúka framhaldsprófi í greininni. Andrea hefur innritast í eðlisfræði.

Axel Tryggvi Vilbergsson útskrifaðist frá Framahaldsskólanum á Húsavík í fyrravor sem dúx skólans með hreina tíu í meðaleinkunn. Við brautskráningu hlaut hann ýmsar viðurkenningar, m.a. Menntaverðlaun Háskóla Íslands. Axel var í Gettu betur liði FSH í tvö ár á meðan á námi stóð. Hann hefur hafið nám í efnafræði.

Ása Dagrún Geirsdóttir lauk stúdentsprófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík í maí síðastliðnum sem semidúx skólans. Hún hlaut ýmis verðlaun við útskrift, meðal annars fyrir framúrskarandi árangur í efnafræði, stærðfræði og fyrir besta lokaverkefni skólans. Hún var í landsliðinu í líffræði í fyrra og tók þá þátt í Ólympíuleikunum á Filippseyjum og í landsliðinu í efnafræði í ár og tók þátt í Ólympíuleikunum í Úsbekistan. Ása hefur hafið nám í hagnýtri stærðfræði með fjármálastærðfræði sem sérgrein.

Bjarki Freyr Guðmundsson útskrifaðist frá Fjölbrautaskólanum í Garðabæ í fyrra og hlaut m.a. viðurkenningu fyrir framúrskarandi mætingu og ástundun en hann tók virkan þátt í félagslífinu í FG. Hann er auk þess félagi í Hjálparsveit skáta í Kópavogi og með þjálfararéttindi frá Siglingasambandi Íslands og hefur unnið undanfarin sumur sem siglingakennari hjá Siglingafélaginu Ými. Bjarki hefur hafið nám í sálfræði.

Daði Þór Friðriksson brautskráðist frá Flensborgarskólanum í Hafnarfirði í vor og hlaut fjölmörg verðlaun við útskrift, þar á meðal Menntaverðlaun Háskóla Íslands og viðurkenningar fyrir góðan árangur í raungreinum, í íþróttafreksgreinum og spænsku. Hann var í landsliðinu í efnafræði í ár og keppti með því á Ólympíuleikunum og norrænu efnafræðikeppninni. Daði hefur æft sund síðan hann var tíu ára og náð afar góðum árangri á Íslandsmeistaramótum undanfarin ár. Daði hefur hafið nám í efnaverkfræði.

Dunja Sól Markovic lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í vor og hlaut meðal annars viðurkenningu fyrir framúrskarandi námsárangur í eðlisfræði. Dunja hefur æft ýmsar íþróttir en lengst af því spilaði hún knattspyrnu með Haukum. Hún talar átta tungumál, þar af fjögur reiprennandi. Í framtíðarstarfi stefnir Dunja á að sameina áhuga sinn á heilsu, hreyfingu og mannlegum samskiptum og því hefur hún hafið nám í sjúkráþjálfunarfræði.

Elvar Björn Ólafsson brautskráðist frá Menntaskólanum á Akureyri í vor með afar glæsilegum árangri. Hann var mjög virkur í félagsstarfi skólans og sat í fjölmörgum nefndum ásamt því að taka virkan þátt í leikfélagi skólans. Hann hefur enn fremur náð frábærum árangri í forritunarkeppni framhaldsskólanna og auk þess látið að sér kveða í bæjarpólitíkinni á Akureyri. Elvar hefur innritast í nám í hagnýtri stærðfræði.

Enok Hjörvarsson lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Sund í vor sem dúx skólans. Hann hlaut m.a. margar viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í raungreinum og lét mikið að sér kveða í líffræðikeppni framhaldsskólanna. Enok hefur hafið nám í lífeindafræði.

Eyrún Freyja Andradóttir brautskráðist frá Menntaskóla Borgarfjarðar í maí síðastliðnum. Við útskrift fékk hún verðlaun fyrir bestan árangur í íslensku og félagsgreinum, fyrir vandaðasta lokaverkefnið auk Menntaverðlauna Háskóla Íslands. Hún hefur verið virk í leiklistarstarfi með Leikfélaginu Kopar, hefur mikinn áhuga á myndlist og hefur enn fremur spilað með hljómsveitum á opinberum vettvangi. Eyrún hefur hafið nám í sagnfræði.

Grímur G. Einarsson útskrifaðist frá Kvennaskólanum í Reykjavík vorið 2025 sem dúx skólans og hlaut meðal annars verðlaun úr Minningarsjóði frú Þóru Melsteð og fyrir framúrskarandi árangur í félagsfræði. Hann náði afar góðum árangri í spurningakeppni Kvennaskólans á meðan á námi stóð. Hann hefur mikinn áhuga á stjórnmálum og vann m.a. lokaverkefni í Kvennó tengt því. Þessi áhugi Gríms hefur leitt hann í nám í stjórnmálafræði í Háskóla Íslands.

Hallsteinn Skorri Haraldsson lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í vor og við útskrift hlaut hann viðurkenningu fyrir afburðagóðan árangur í stærðfræði. Tónlist hefur skipað stóran sess í lífi Hallsteins frá átta ára aldri og í menntaskóla tók hann meðal annars þátt í Músíktilraunum með hljómsveitinni Richter. Auk þess lét hann mikið að sér kveða í félagslífi MH, m.a.

með greinaskrifum og ljóðagerð fyrir tímarit nemenda og þátttöku í málfunda- og leiklistarfélögum skólans. Hallsteinn hefur innritast í rafmagns- og tölvuverkfræði.

Hávar Daníel Davíðsson brautskráðist frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor og hlaut við það tækifæri sex verðlaun fyrir námsárangur, þar á meðal í stærðfræði, íslensku, líffræði og efnafræði. Hávar æfði taekwondo á yngri árum og hefur einnig stundað hnefaleika og hann tók virkan þátt í félagslífi MR. Hávar hefur hafið nám í læknisfræði.

Heiðrún Vala Hilmarsdóttir lauk stúdentsprófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík í vor sem dúx skólans. Við útskrift hlaut hún verðlaun úr Minningarsjóði Þóru Melsteð, viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í félagsfræði og Menntaverðlaun Háskóla Íslands. Hún hefur verið virk í starfi ungliðahreyfingar Íslandsdeildar Amnesty International, m.a. sem formaður hreyfingarinnar, og einnig komið að starfi Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og ungmennaráðs UN Women. Heiðrún hefur hafið nám í lögfræði.

Herdís Freyja Friðriksdóttir útskrifaðist í vor frá Menntaskólanum við Hamrahlíð og hlaut þá viðurkenningu fyrir góðan námsárangur í líffræði. Hún á að baki þverflautunám og hefur stundað fjölda íþróttar, þar á meðal fimleika og handbolta. Hún hefur hafið nám í vélaverkfræði.

Hrafnhildur Kjartansdóttir Hörðal lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík í fyrravor og hlaut þá viðurkenningar fyrir afburðaárangur í tungumálum og félagsfræði. Hún var afar virk í félagslífi skólans, tók meðal annars þátt í uppsetningum beggja leikfélaga skólans, sat í ritnefnd Menntaskólatíðinda og var liðsstjóri Gettu betur liðs skólans. Hrafnhildur fór í lýðháskóla í Danmörku að loknu stúdentsprófi en hefur nú hafið nám í íslensku.

Hrafnhildur Ýr Steinsdóttir brautskráðist frá Fjölbrautaskóla Suðurlands í vor sem dúx skólans og hlaut viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í íslensku, dönsku og þýsku auk þess að hljóta styrk frá Hollvinasamtökum skólans. Þrátt fyrir ungan aldur státar Hrafnhildur af fjölbreyttri starfsreynslu. Hana hefur lengi dreymt um að starfa sem ljósmóðir og hefur því innritast í hjúkrunarfræði.

Hugrún Hanna Guðrúnardóttir brautskráðist frá Menntaskóla Borgarfjarðar vorið 2025 og flutti þar útskriftarræðu fyrir hönd síns árgangs. Á menntaskólaárunum

var hún mjög virk í félagslíf MB og tók meðal annars þátt í leiklistarstarfi skólans. Hugrún hefur innritast í félagsráðgjöf.

Jökull Þór Hilmarsson Kjerúlf lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor. Hann lét mikið að sér kveða í félagslífi MR, meðal annars leikfélagsins Frúardags, og þá sinnti hann jafningjafræðslu á vegum MR í grunnskólum og aðstoðaði samnemendur í stoðtímum. Jökull hefur hafið nám í læknisfræði.

Lilja Rut Halldórsdóttir útskrifaðist frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í vor sem semídúx og hlaut við það tilefni viðurkenningar fyrir ágætan námsarangur í stærðfræði, íslensku og þýsku. Hún var virk bæði í kór Menntaskólans við Hamrahlíð og málfundafélagi skólans og þá hefur hún leikið á trompet í Skólahljómsveit Kópavogs í tíu ár. Lilja hefur innritast í eðlisfræði.

Lýður Þór Lýðsson brautskráðist frá Verzlunarskóla Íslands í vor og hlaut verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í raunvísindum. Hann sigraði í landskeppni framhaldsskólanna í eðlisfræði fyrr á árinu og tók í sumar þátt í bæði Evrópukeppni í eðlisfræði og Alþjóðlegu eðlisfræðiólympíuleikunum fyrir hönd Íslands. Lýður hefur hafið nám í verkfræðilegri eðlisfræði.

Óskar Már Friðþjófsson var dúx Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki í vor og hlaut meðal annars viðurkenningar fyrir framúrskarandi námsárangur í dönsku, íslensku, stærðfræði og náttúru- og raungreinum. Hann var virkur í félagslífinu fjölbrautaskólans og hefur brennandi áhuga á verkfræði. Því hefur Óskar innritast í rafmagns- og tölvuverkfræði.

Sóley Júka Magnúsdóttir Kuwahara lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í vor sem dúx skólans. Samhliða menntaskólanámi var Sóley í gítar- og söngnámi hjá FÍH og hefur bæði tekið þátt í tónleikum á vegum FÍH og í Músíktílaunum sem lagahöfundur, gítarleikari og bakraddasöngvari í hljómsveitinni Kyrsu. Sóley, sem talar fjögur tungumál, hefur hafið nám í rafmagns- og tölvuverkfræði.

Sólný Helga Sigurðardóttir brautskráðist frá Menntaskólanum við Sund í vor og hlaut verðlaun fyrir að vera hæst á sinni línu í skólanum og fyrir framúrskarandi árangur í þýsku og íslensku. Hún var afar virk í félagslífi bæði MS og einnig í starfi Kristilegra skólasamtaka. Sólný stefnir á að verða rithöfundur og hefur því innritað sig í almenna bókmenntafræði með ritlist sem aukagrein.

Stefán Erlendur Ívarsson útskrifaðist úr Tækniskólanum í vor og hlaut við það tækifæri fjölda viðurkenninga fyrir frábæran námsárangur. Hann tók þátt í fjölmörgum alþjóðlegum verkefnum í Tækniskólanum og náði framúrskarandi árangri í tölfræðikeppni Hagstofunnar, Greindu betur. Stefán hefur stundað trompetnám í 11 ár og leikið með fjölmörgum sveitum, þar á meðal Lúðrasveit Reykjavíkur og Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, og þá hefur hann einnig lært á píanó í tvö ár.

Sylvía Kristín Ívarsdóttir brautskráðist frá Menntaskólanum við Hamrahlíð árið 2023 með tvöfalt stúdentspróf og hlaut m.a. viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í þýsku og hæstu meðaleinkunn á listadansbraut. Að loknu stúdentsprófi hóf hún BA-nám í nútímadansi við The Institute of Arts í Barcelona sem hún lauk í vor. Lokaverkefni hennar snerti meiðslaforvarnir fyrir dansara en hún hefur lengi haft áhuga á sjúkræðingum. Hún hefur því nú innritast í nám í sjúkræðingunarfæði við HÍ.

Sölvi Freyr Valdimarsson lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð um jólin 2025. Hann var dúx skólans og hlaut viðurkenningar fyrir feikigóðan námsárangur í líffræði, efnafræði og íslensku. Hann hefur undanfarin tvö ár unnið sem frístundaleiðbeinandi í félagsmiðstöðvum í Kópavogi en þar að auki var hann afar virkur í félagslífi MH. Hann hefur mikinn áhuga á kvikmyndagerð og hefur undanfarið unnið að heimildamynd um miðbæ Kópavogs. Sölvi hefur hafið nám í læknisfræði.

Telma Aníka Torfadóttir var dúx við útskrift frá Háskólabrú Keilis í fyrra með hæstu meðaleinkunn sem veitt hefur verið í sögu skólans. Hún hefur í senn mikinn áhuga á íslenskri tungu og málefnum barna og hyggst sameina það í nám í talmeinafræði í framtíðinni. Hún hefur nú innritað sig í sálfræði með málvísindi sem aukagrein.

Valgerður Birna Magnúsdóttir lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í fyrra og var semídúx skólans. Hún hlaut verðlaun fyrir framúrskarandi námsárangur í félagsfræði og dönsku. Hún hefur lagt stund á einsöngsnám við Söngskóla Sigurðar Demetz undanfarin fimm ár og lauk framhaldsprófi nú í vor. Ásamt því að vera virk í ýmsum nefndum og ráðum í MH tók Valgerður þátt í MORFÍS- og Gettu betur liðum skólans og sigraði í síðarnefndu keppninni í fyrra. Valgerður hefur starfað sem blaðamaður á mbl.is og hefur hafið nám í lögfræði.

Vilté Petkuté útskrifaðist frá Menntaskólanum á Akureyri í vor. Óhætt er að segja að hún hafi verið virk í félagslífi skólans, í leiklist, dansi, kór og kvikmyndagerð, og þá var hún formaður nemendafélagsins Hugins á síðasta ári sínu í skólanum. Vilté hefur hafið nám í hjúkrunarfræði.